



# Framkvæmda- fréttir 6. tbl. /17



Purrsalerni á áningarstað Vegagerðarinnar í Ljósavatnsskardi.

## Tilraunaverkefni, purrsalerni á 15 áningarstöðum Vegagerðarinnar

Með auknum ferðamannastraumi hefur óprifnaður við áningarstaði Vegagerðarinnar verið vaxandi vandamál og ljóst að við því þarf að bregðast.

Ferðamálayfirvöld hafa því ákveðið að leggja til fjármagn svo bæta megi ástandið og var Vegagerðinni falið að vinna tilraunaverkefni um tímabundna salernisaðstöðu á 15 áningarstöðum Vegagerðarinnar. Aðstaðan er tímabundin frá 1. júní til 30. september nú í sumar. Mögulegt framhald mun síðan ráðast af reynslu sumarsins. Vegagerðin útbjó svæðisskipta verðkönnun fyrir salernisaðstöðu og þjónustu á sex landssvæðum. Staðirnir voru 15 í A-hluta sem verðkönnun

var gerð í (og síðan aðrir 7 í B-hluta sem möguleg viðbót). Alls eru 34 salerniseiningar í þessum A-hluta 2-4 á hvern áningarstað.

Verktaki á hverju svæði útvegur og setur upp salerniseiningar, sér um þrif og eftirlit daglega og tæmingu vikulega. Skráningarhugbúnaður í snjallsíma er notaður til að skrásetja hverja heimsókn, segja til um magn í safntanki og hægt er að skrá ábendingar um lagfæringar eða skemmdarverk með honum.

Hlutverk svæða og þjónustustöðva Vegagerðarinnar er í meginatriðum fjórþætt:

1. Að undirbúa áningarstaði fyrir niðursetningu salerniseininga. Þ.e. staðsetja og setja/slétta malarplan undir salerniseiningarnar þannig að verktaki gat komið þeim fyrir.
2. Að hafa tilfallandi eftirlit með áningarstöðum og aðstöðunni yfir tímabilið.
3. Niðursetningu skilta með þjónustutákni.

Landeigendum var kynnt verkefnið sem umbóta- og tilrauna-

### Útboðsvefur.is - Opinber útboð


Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum [Utboodsvefur.is](http://Utboodsvefur.is) og [vegagerdin.is](http://vegagerdin.is) en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 6. tbl. 25. árg. nr. 674 23. júní 2017

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**G. Pétur Matthíasson**  
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
[askrift@vegagerdin.is](mailto:askrift@vegagerdin.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Þurrsalerni hafa verið sett upp á 15 áningarstöðum Vegagerðarinnar.

► verkefni til að læra af og nýta fyrir varanlegri framtíðarlausnir. Tveir aðilar buðu í verkið eftir verðkönnun, Íslenska gámafélagið bauð í öll svæði og Gámaþjónustan bauð í 5 af 6 svæðum og var lægstbjóðandi þar. Samið var við þessa tvo aðila

Nú þegar er farið að bera á meiri umferð á þessa áningarstaði og það hefur aukist að ferðafólk dveljist þar yfir nótt. Við því var búist og er vilji til að sporna við þeirri þróun því ekki er ætlunin að keppa við tjaldsvæði. Mögulega getur þurft að banna næturdvöl á áningarstöðum þar sem mikið er um slíkt.

Gera má ráð fyrir að hægt verði að draga mikinn lærdóm af þessu tilraunaverkefni sem nýtast mun í framtíðinni. Þetta fyrirkomulag er einfaldasta mynd svona þjónustu en vel kann að vera að frekari þjónusta með gjaldtöku sé möguleg. En þá þarf að huga að umhverfismálum, vilja landeigenda og fleiri þátta. Vegagerðin er vel í stakk búin til að leiða svona verkefni ef fjármagn fæst. Þar er reynsla í að bjóða út ýmskonar verkefni á landsvísu og þjónustustövar sem geta komið að umsjón og eftirliti. En það verður að gæta þess að ekki verði seilst í fjármagn til hefðbundinna verkefna Vegagerðarinnar til að kosta svona þjónustu, peningarnir þurfa að koma úr öðrum sjóðum.

Verkfræðistofan Efla aðstoðaði við gerð verklýsingarinnar og fleira. Stjórnstöð ferðamála er tengiliður við stjórnvöld í þessu verkefni.

### Verklýsing í verðkönnun, útdráttur

Verkefni verktaka felst í að koma upp tímabundinni salernisaðstöðu á tilteknum áningarstöðum Vegagerðarinnar og annast rekstur og þjónustu aðstöðunnar í 4 mánuði sumarið 2017. Vertaki skal útvega salerniseiningar sem eru þurrsalerni og sjá um að koma þeim fyrir á fyrirfram ákveðnum áningarstöðum Vegagerðarinnar í upphafi samningstímans. Einnig

naudsynlegar festingar sem varna því að salerni fjúki í þeim veðrum sem búast má við á samningstímanum.

Verðkönnunin gerir ráð fyrir að verkefnið skiptist í 6 svæði og eru áningarstaðir skilgreindir sérstaklega á hverju svæði fyrir sig. Gert er ráð fyrir að bjóðandi geti gert tilboð í eitt svæði eingöngu eða fleiri svæði en hvert tilboð skal miðast við hvert svæði fyrir sig. Gert er ráð fyrir að tvær til fjórar salerniseiningar verði á hverjum stað. Verktaki skal sjá um ræstingu og ræstingategnda þjónustu við einingarnar í það minnsta daglega. Verktaki skal tæma salerniseiningarnar eftir þörfum og losa úrgang á viðurkenndum móttökustöðum, að lágmarki vikulega. Í lok samningstíma skal verktaki fjarlægja salerniseiningarnar, festingar og allt sem þeim fylgir.

Þótt gert sé ráð fyrir 2-4 salerniseiningum á hverjum stað þarf verktaki að gera ráð fyrir að geta fjölgað eða fækkað salerniseiningum til að besta tæmingartíðni þeirra í samráði við verkkaupa.

Verktaki leggur til geymslur undir vélar, áhöld, búnað og efni sem þarf til verksins. Verktaki leggur til allan þann búnað og tæki, salernispappír, hreinsiefni, lyktareyðandi niðurbrotsefni, hanska og aðrar persónuhlífar sem nauðsynlegar eru til að þrifa og þjónusta salernin. Áður en verkið hefst skal verktaki leggja fyrir verkkaupa búnaðar- og tækjalista ásamt lista yfir allar hreinlætisvörur til samþykktar.

Verktaki leggur til snjallsíma, spjaldtölvur og annan búnað sem þarf til að skrá þjónustu starfsmanna í eftirlitsforrit.

Salerniseiningarnar mega ekki krefjast neinnar jarðvinnu eða utanaðkomandi tengingar heldur verða að geta staðið einar og sér. Salerniseiningar skulu vera CE vottaðar. Þær skulu vera vatns- og vindheldar og hæfa íslenskum aðstæðum að sumarlagi.

Salerniseiningarnar skulu hafa innbyggðan safntank sem

safnar úrgangi og er hægt að tæma með tankbíl/haugsugu án þess að færa þær úr stað. Safntankur skal vera að minnsta kosti 300 lítrar að stærð. Salernunum skal vera hægt að læsa innan frá en ekki utan frá. Ekki er óskað eftir handlaug í salerniseiningu.

Í hverri salerniseiningu skal vera eitt salerni með klósettsetu. Klósettrúlluhaldari: Í hverri salerniseiningu skal vera klósettrúlluhaldari sem getur tekið stórar klósettpappírseiningar. Ganga skal frá klósettrúllu þannig að gestir geti ekki fjarlægt klósettpappírurúllu úr salerniseiningu.

Við hverja heimsókn skal verktaki ræsta eftirfarandi: Salerni og klósettsetu og klósettrúllu. Allir lóðréttir innri fletir salerniseiningarinnar, hurð (hurðakarmur, -spjald og -búnaður), innra gler (ef eitthvað er), rör á veggjum, loftræstigrindur og annað það sem á veggfleti er staðsett. Gólfplötur, niðurfall, þröskuldur og annað sem á gólfleti er staðsett. Lofta-yfirborð, loftræsigrind og annað það sem í loftafleti er staðsett.

Eftir ræstingu skal salerniseining vera laus við úrgang og laus óhreinindi, ryk og bletti. Einnig skal aðgæta að ekki safnist fyrir yfirborðsóhreinindi vegna rangrar ræstiaðferðar eða rangra áhaldna. Aðgæta skal í öllum horn og á stöðum með erfitt aðgengi eins og bak við salernisskál.

Starfsmaður skal setja lyktareyðandi niðurbrotsefni í safntank salernisins. Í hverri ræstiheimsókn skal aðgæta hvort þörf sé á salernispappír og sjá til þess að aldrei klárist pappír milli ræstiheimsókna.

Einnig skal yfirfara nánasta umhverfi salernanna utanhúss og fjarlægja rusl af vettvangi þ.a. sómi verði af. Starfsmaður skal taka með sér allan úrgang af staðnum og koma því til förgunar á viðeigandi förgunarstað. Kostnaður við förgun á úrgangi skal vera innifalinn í einingarverði.

Tæming þurrsalerna; Við dagleg þrif skal fylgjast með því hvort að safntankur salernanna sé að fyllast. Sé hann meira en 3/4 fullur skal verktaki tæma tankinn þ.e. ef fyrirsjáanlegt er að rýmd verður ekki nægileg í salerniseiningunum fram að reglulegri tæmingu. Aldrei má líða lengri tími en 7 dagar milli tæminga. Verktaki skal ganga snyrtilega um og þannig að ekki verði um óþægindi, óþrif eða smíthættu að ræða. Sullist seyra við tæmingu skal verktaki hreinsa seyruna burt samstundis. Verktaki skal svo losa seyruna á viðurkenndum móttökustöðum. Kostnaður við förgun og eyðingu úrgangs skal vera innifalinn í einingarverði fyrir þennan lið. Verktaki skal meta hvort betra sé að fjölga einingum til að besta tæmingartíðni og taka málið upp við tengilið verkkaupa. ■



### Niðurstöður útboða

#### Húsavík – Bökugarður, hafnarsvæði, fylling, lagnir og malbikun 17-036

Tilboð opnuð 30. maí 2017. Hafnarsjóður Norðurþings og framkvæmdadeild Norðurþings óskuðu eftir tilboði í ofangreint verk.

Helstu verkþættir eru:

- Jarðvinna, efnisvinnsla og fyllingar, alls um 86.000 m<sup>3</sup>
- Ídráttarrör fyrir rafmagn
- Fráveitu- og regnvatnslagnir
- Vatnslögn
- Steypa undirstöðu undir vigt
- Malbik, alls um 15.000 m<sup>2</sup>
- Girðingar og hlöð
- Raforkuvirki

Verkinu skal lokið eigi síðar en 30. nóvember 2017.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	452.884.735	144,5	140.201
2	Ístrukkur ehf. og Steinsteypa ehf., Húsavík	389.400.012	124,3	76.717
---	Áætlaður verktakakostnaður	313.331.927	100,0	649
1	Munck Íslandi ehf., Kópavogi	312.683.256	99,8	0

## Niðurstöður útboða

### Reykjanesbraut (41), hringtorg við Aðalgötu og Keflavíkurveg (424) 17-037

Tilboð opnuð 30. maí 2017. Vegagerðin, Isavia og Reykjanesbær óskuðu eftir tilboðum í gerð tveggja hringtorga á Reykjanesbraut í Reykjanesbæ. Annars vegar við Aðalgötu og hins vegar við Keflavíkurveg (Þjóðbraut). Aðlaga þarf aðliggjandi vegi að hringtorgunum. Framkvæmdin innifelur einnig að annast tilgreinda verkþætti við aðlögun eða flutning núverandi lagna s.s. ljósleiðara-, háspennu- og lágspennustrengja í vegunum í samráði við veitur.


Helstu magntölur eru:

Skering.....	8.600 m <sup>3</sup>
Fylling.....	8.400 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag.....	4.600 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag.....	2.300 m <sup>3</sup>
Burðarlagmalbik.....	9.600 m <sup>2</sup>
Slitlagmalbik.....	10.300 m <sup>2</sup>
Kantsteinar.....	920 m
Svæði þakin úthagatorfi.....	4.000 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa.....	4.400 m <sup>2</sup>
Umferðarmerki og undirstöður.....	75 stk.
Ljósastaurar.....	26 stk.

Allri malbikun skal lokið fyrir 1. september 2017. Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. september 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 ÍAV hf., Reykjavík	255.812.123	133,2	63.812
2 Ellert Skúlason ehf., Reykjanesbæ	224.442.500	116,9	32.443
1 Ístak hf., Mosfellsbæ	215.979.065	112,5	23.979
--- Áætlaður verktakakostnaður	192.000.000	100,0	0

Reykjanesbraut (41),  
hringtorg við Aðalgötu  
og Keflavíkurveg (424)  
Sjá niðurstöður útboðs



### Niðurstöður útboða

#### Kísilvegur (87), Kollóttalda - Geitafellsá 16-079

Tilboð opnuð 30. maí 2017. Endurbygging Kísilvegar frá slittlagsenda við Kollóttuöldu að Geitafellsá, samtals 11,2 km.

Helstu magntölur eru:

Efnisvinnsla	40.450 m <sup>3</sup>
Skeringar	2.510 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	38.470 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag (styrktarlag)	9.010 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	19.550 m <sup>3</sup>
Tvöföld klæðing	79.100 m <sup>2</sup>
Frágangur fláa	48.400 m <sup>2</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2018.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6	Munck Íslandi ehf. Kópavogi	370.116.267	130,2	159.537
5	Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	331.053.877	116,4	120.474
4	G.V. gröfur ehf., Akureyri	294.674.600	103,6	84.095
---	Áætlaður verktakakostnaður	274.335.000	96,5	63.756
3	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	252.303.000	88,7	41.724
2	Víðimelsbræður ehf., Sauðárkróki	237.773.000	83,6	27.194
1	Ístrukkur ehf., Steinsteypir ehf., og Jón Ingi Hinriksson ehf., Húsavík	210.579.500	74,1	0

### Niðurstöður útboða

#### Dalvíkurhöfn, dýpkun og landfylling 17-038

Tilboð opnuð 7. júní 2017. Hafnarsjóður Dalvíkurbyggðar óskaði eftir tilboðum í dýpkun og landfyllingu í Dalvíkurhöfn.

Helstu magntölur:


Dýpkun, um 60.000 m<sup>3</sup> af lausu efni losað í landfyllingar.  
Verkinu skal lokið eigi síðar en 30. september 2017.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	73.800.000	100,0	34.828
2	Jan de Nul n.v., útibú á Íslandi*	43.030.983	58,3	4.059
1	Þjörgun ehf., Reykjavík	38.971.701	52,8	0

\* Tilboð Jan De Nul er í evrum. Í töflunni hér að ofan hefur tilboðið verið fært í íslenskar krónur á genginu 110,35.



Arnarnesvegur (411),  
Reykjanesbraut - Fífuhvamsvegur:  
Göngubrú, stálvirki  
Sjá niðurstöður útboðs



### Niðurstöður útboða

#### Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvamsvegur: Göngubrú, stálvirki 16-080

Tilboð opnuð 23. maí 2017. Gerð göngubrúar yfir Arnarnesveg. Um er að ræða smíði og uppsetningu á 47 m langri göngubrú. Smíða skal allt stálvirki, ryðverja það og setja gólfefni á brúargólf. Þá skal smíða og ganga frá handriði utan brúar og ganga frá lýsingu brúarinnar. Búið er að steypa undirstöður brúar, súlur og endastöpla, sem hún verður reist á.


Helstu magnþölur eru:

Stálsmíði	29.500 kg
Önnur stálvirki	3.360 kg
Stálvirki málun	664 m <sup>2</sup>
Stálvirki slitgólf	155 m <sup>2</sup>
Handrið	24 m

Verkinu skal vera að fullu lokið 1. október 2017.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Vörðufell ehf., Selfossi	127.948.952	150,5	70.180
3 Vélsmiðjan Orri ehf., Mosfellsbæ	122.927.720	144,6	65.158
2 Ístak hf., Mosfellsbæ	92.989.181	109,4	35.220
--- Áætlaður verktakakostnaður	85.000.000	100,0	27.231
1 Munck á Íslandi, Kópavogi	57.769.263	68,0	0

Snið A01 1:100



## Málfarshorn vegorðanefndar nr. 4

Vefslóð vegorðasafns er <https://vegordasafn.vegagerdin.is> Það hefur orðið samkomulag um það að birta reglulega stutta pistla um málfar í vegagerð hér í þessu blaði. Þetta er efni sem vegorðanefnd hefur fjallað um og vill leggja áherslu á að komist á framfæri. Allir þeir sem fjalla um vegagerð í ræðu og riti eru hvattir til að kynna sér safn orðanefndarinnar á vefnum.

Í þessu málfarshorni er fjallað um tvö hugtök sem vegagerðarmenn þurfa stundum að nota. Heiti þeirra eru eins í framburði en mismunandi að rithætti. Hugtökin eru *leiti* og *leyti*. Bæði eru nafnorð og orðmyndunum er stundum ruglað saman í rituðu máli.

*Leiti* er skylt sögninni að líta og tákna hæð í landslagi, einkum ef hana ber við loft. „Kveður lítill lóa en leiti gyllir sól“ segir Matthías Jochumsson í Skugga-Sveini. *Leiti* er líka notað í óeiginlegri merkingu, um eitthvað sem er í nánd í tíma eða rúmi. „Óveðrið er á næsta leiti“ merkir er í nágrenninu, er að skella á.

*Leyti* er komið af fornu orði, hleyti, sem m.a. táknaði skyldleika eða aðild, en einnig tíma eða skeið. *Leyti* er skylt orðunum hljóta og hlutur og er einkum notað til að tákna hlutdeild (að nokkru *leyti*, að öðru *leyti*) eða tímaskeið (um þetta *leyti* dagsins, um *jólaleytið*).

Ef merking orðanna er höfð í huga ætti að vera auðvelt að ramba á rétta stafsetningu.

Heimildir:  
Ásgeir Blöndal Magnússon (1989): Íslensk orðsifjabók. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

Málfarsbankinn, leiðbeiningar um íslenskt málfar. Árnastofnun. <http://malfar.arnastofnun.is/?p=5129>

Ólafur Oddsson (2004): Gott mál. Ábendingar um algengar ritvillur og hnökra á máli og stíl. Menntaskólinn í Reykjavík. <http://www.mr.is/docs/OIOGottm.pdf>.



*Háaleiti*, efnisnáma í Breiðdal. Í þessu samhengi er *leiti* hæð í landslagi.



Mynd úr safni Geirs G. Zoëga. Í myndatexa segir m.a. Stýkkishólmur. Stóra húsið fremst á myndinni var byggt sem íbúðarhús fyrir Sören Hjaltalin sennilega um 1880. Sæmundur Halldórsson stækkar húsið til norðurs 1896 og byggði pakkhúsið (sem stendur fyrir miðri myndinni) um svipað *leyti*.

## Niðurstöður útboða

### Eskifjörður – lenging

#### Netagerðarbryggju 2017 <sup>17-046</sup>

Tilboð opnuð 13. júní 2017. Hafnasjóður Fjarðabyggðar óskaði eftir tilboðum í að lengja Netagerðarbryggjuna á Eskifirði.

Helstu verkþættir og magntölur eru:

Reka niður 42 stk. af tvöföldum stálpilsplötum, bolta 65 m langan stagbita við þilið og koma fyrir 18 stögum.

Jarðvinna, upptekt og fylling um 5.100 m<sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. október 2017.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1	Ísar ehf., Kópavogi	45.415.500	108,1	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	42.000.000	100,0	-3.416

### Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2017, malbik <sup>17-008</sup>

Tilboð opnuð 23. maí 2017. Yfirlagnir með malbiki á Norðursvæði og Austursvæði árið 2017.

Helstu magntölur:

Útlögn malbiks . . . . . 9.058 m<sup>2</sup>

Hjólafarafylling og afrétting . . . . . 12.479 m<sup>2</sup>

Fræsing . . . . . 3.064 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2017.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	99.216.375	100,0	5.189
2	Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði	98.802.910	99,6	4.776
1	Malbikun-KM ehf., Akureyri	94.027.300	94,8	0

### Dagverðareyraryvegur (816), Hlaðir - Tréstaðir <sup>17-035</sup>

Tilboð opnuð 23. maí 2017. Endurbygging Dagverðareyraryvegur (816) frá Hlöðum að Tréstaðum, samtals um 1,55 km.

Helstu magntölur eru:

Skeringar . . . . . 2.480 m<sup>3</sup>

Fyllingar . . . . . 1.680 m<sup>3</sup>

Fláafleygar . . . . . 970 m<sup>3</sup>

Styrktarlag (neðra burðarlag) . . . . . 2.090 m<sup>3</sup>

Óbundið burðarlag (efra burðarlag) . . . . . 3.100 m<sup>3</sup>

Tvöföld klæðing . . . . . 9.970 m<sup>2</sup>

Ræsalögn . . . . . 62 m

Frágangur fláa . . . . . 14.480 m<sup>3</sup>

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2017.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1	G.V. gröfur ehf., Akureyri	49.850.142	174,6	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	28.558.540	100,0	-21.292

Þá . . .



. . . og nú



Vestfjarðavegur (60) við Þingeyri. Eldri myndin er úr safni Jóns J. Víðis. Önnur mynd sem líklega er tekin í sömu ferð er merkt með ártalinu 1953. Yngri myndin er tekin 27. september 2016. Með tilkomu væntanlegra Dýrafjarðarganga mun þessi vegur upp á Hrafnseyrarheiði ekki lengur vera í alfaraleið. Vestfjarðavegur mun ekki liggja um Þingeyri en verður innar í Dýrafirði. Umferð í gegnum bæinn minnkar því væntanlega. Á móti koma sóknarfæri með betri veltengingu því Þingeyri er miðsvæðis á Vestfjörðum, mitt á milli Ísafjarðar og Þorpanna á suðurfjörðunum.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaieldar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
17-044 Skaftártunguvegur (208) um Eldvatn	2017
17-047 Viðgerðir á malbikuðum slitlögum 2017-2019, höfuðborgarsvæðið	2017
17-048 Viðgerðir á malbikuðum slitlögum 2017-2019, Reykjanes, Selfoss og Borgarnes	2017
17-039 Skarðsvegur (793) í Skarðsdal	2017
17-032 Fræsing og festun á Vestursvæði og Norðursvæði	2017
16-088 Langavatnsvegur (553), Hringvegur - Þjónustuhús lðju	2017
16-087 Uxahryggjavegur (52), Borgarfjarðarbraut - Gröf	2017
16-022 Endurbætur á Þingvallavegi (36)	2017
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
17-043 Vetrarþjónusta 2017-2020 Kjalarnes - Mosfellsheiði	2017
17-042 Vetrarþjónusta 2017-2020 Ólafsvík - Vatnaleið	2017
17-041 Vetrarþjónusta 2017-2020 Borgarfjörður og Mýrar	2017
17-040 Vetrarþjónusta 2017-2020 Akrafjallshringur	2017
16-027 Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn	29.05.17 20.06.17
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
17-038 Dalvíkurhöfn, dýpkun og landfylling	22.05.17 07.06.17
17-046 Eskifjörður lenging á Netagerðarbyggju	29.05.17 13.05.17
17-036 Húsavík - Bökugarður, hafnar-svæði, fylling lagnir og malbikun	15.05.17 30.05.17
16-080 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fifuhvammsvegur göngubrú	08.05.17 23.05.17
17-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2017, malbik	08.05.17 23.05.17

Útboð á samningaborði, framh.	Auglýst:	Opnað:
16-079 Kísilvegur (87), Kollóttalda - Geitafellsá	15.05.17	30.05.17
17-033 Efnisvinnsla á Norðursvæði vesturhluti 2017	10.04.17	25.04.17
17-030 Dalvíkurhöfn, grjót og fyrirstöðugarður við Norðurgarð	27.03.17	19.04.17
17-006 Yfirlagnir á Suðursvæði 2017, malbik	27.03.17	11.04.17
17-005 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2017, malbik	27.03.17	11.04.17
17-027 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2017, repave-fræsun, yfirlögn	27.03.17	11.04.17
17-007 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði 2017	27.03.17	11.04.17
17-003 Yfirlagnir á Suðursvæði 2017, klæðing	20.03.17	04.04.17
17-001 Yfirlagnir á Austursvæði 2017, klæðing	20.03.17	04.04.17
17-025 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2017	13.03.17	28.03.17
17-010 Ísafjörður, Mávagarður - viðlegustöpull	16.01.17	31.01.17
Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
17-018 Efnisvinnsla á Austursvæði 2017 Myllan ehf., kt. 460494-2309	11.04.17	19.05.17
17-026 Efnisvinnsla á Vestursvæði 2017 Tak - Malbik ehf. kt. 560677-0149	04.04.17	04.05.17
16-092 Hringvegur (1) um Morsá Héraðsverk ehf., kt. 680388-1489	02.05.17	01.06.17
17-031 Hringvegur (1) um Jökulsá á Breiðamerkursandi, rofvörn farvegjar Þ.S. verktakar ehf., kt. 410200-3250	19.04.17	09.05.17
17-024 Krýsuvíkurvegur (42), hringtorg við Hellnahraun Grafa og grjót ehf., kt. 580202-2090	02.05.17	
17-037 Reykjanesbraut (41) hringtorg við Aðalgötu og Keflavíkurveg (424) Ístak Ísland ehf., kt. 430214-1520	30.05.17	
Öllum tilboðum hafnað	Opnað:	
17-035 Dagverðareyraryvegur (816) Hlaðir - Tréstaðir	23.05.17	



Reykjanesbraut, vegamót við Krýsuvíkurveg, framkvæmdir 31. maí 2017.